

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 834/2009

2014/EES/64/51

frá 11. september 2009

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага, að því er varðar gæðaskýrslur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 frá 20. júní 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага (1), einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 716/2007 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага.
- 2) Nauðsynlegt er að samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi skilgreiningu á sameiginlegum gæðastöðlum og innihald og tíðni gæðaskýrslna.
- 3) Nauðsynlegt er að skilgreina þær gæðastærðir sem gilda um gæðaskýrslurnar.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um hagskýrsluáætlanir,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu semja gæðaskýrslur sem um getur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 716/2007 í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Semja skal fyrstu gæðaskýrsluna með hliðsjón af gögnum frá viðmiðunarárinu 2007 og hana skal leggja fram fyrir 28. febrúar 2010.

Aðildarríkin skulu leggja fram gæðaskýrslur fyrir hvert viðmiðunarár þar á eftir innan 26 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

*3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 12.9.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 58.

(¹) Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17.

VIÐAUKI

KRÖFUR VEGNA GÆÐASKÝRSLNA

1. INNGANGUR

Gæðaskýrslan skal innihalda bæði meginlega og eigindlega vísa um gæði gagnanna. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram niðurstöður fyrir þá meginlegu vísa sem unnt er að reikna út á grundvelli gagna sem aðildarríkin veita. Aðildarríkin skulu túlka og gera athugasemdir við niðurstöður, miðað við fyrirkomulag söfnunar og gefa upp eftirstandandi meginlega vísbenda svo og eigindlegar upplýsingar.

2. TÍMAÁÆTLUN

Árlega skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) innan 24 mánaða frá lokum viðmiðunarársins (fyrir lok desember), afhenda aðildarríkjunum drög að gæðaskýrslum, að hluta útfyllt með flestum meginlegum vísbendum og öðrum upplýsingum sem hafa borist framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna).

Aðildarríkin skulu árlega afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) frágengnar gæðaskýrslur, innan 26 mánaða frá lokum viðmiðunarársins (fyrir lok febrúar).

3. GÆÐAVIÐMIÐANIR

Gögn sem aðildarríkin senda skulu metin á grundvelli eftirfarandi gæðaviðmiðana:

- 3.1. Mikilvægi: sem vísar til þess að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda.
- 3.2. Nákvæmni: sem vísar til þess hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum.
- 3.3. Samfella: sem vísar til þess að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.
- 3.4. Samanburðarhæfi: sem vísar til mats á áhrifum af mismunandi beitingu hagtöluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landssvæða, greinasviða atvinnugeira eða tímabila.
- 3.5. Innan tímamarka: sem vísar til tímabilsins frá því atburður eða fyrirbæri eiga sér stað þar til upplýsingarnar, sem lýsa þeim, verða tiltækar.
- 3.6. Rétt tímasetning: sem vísar til tímans milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags (þ.e. dagsins þegar hefði átt að afhenda gögnin).
- 3.7. Aðgengileiki og skýrleiki: skilyrði og tilhögun að því er varðar aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim.